

Umhverfisstofnun
Þórdís V. Bragadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0065
IAS

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði

Við er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 28. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar, í samræmi við 17. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012, vegna umsóknar um byggingarleyfi fyrir 107,4 m² íbúðarhús úr timbri í Hellukoti í landi Grímsstaða við Mývatn.

Ekki er í gildi deiliskipulag en í gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 segir á bls 40-41 í kafla 4.12.3. Íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum:

„Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum/bújörðum auk íbúðarhúsa sem fyrir eru (í árslok 2011) og tilheyra búrekstrinum án sérmerkingar á aðalskipulagsupphætti. Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Uppbygging sem hér hefur verið lýst er ekki heimil á lögbýlum/bújörðum þar sem land er minna en 15 ha.”

Þá er í skipulaginu: „...gert ráð fyrir því að uppbygging íbúðarhúsnæðis á bújörðum óháð búskap á jörð sé möguleg með skilyrðum og að viðhafðri fyrirfram ákveðinni málsmeðferð.”

Í verndaráætlun Mývatns og Laxár í kafla um landnotkun segir:

„Samkvæmt aðalskipulagi er reiknað með að uppbygging íbúðabygginga og þjónustu, m.a. í tengslum við ferðaþjónustu verði fyrst og fremst í Reykjahlíð. Þó er einnig gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustu á Skútustöðum og í Vogum. Á öllum þessum stöðum er starfandi ferðaþjónusta en þetta eru þeir byggðarkjarnar sem myndast hafa í Skútustaðahreppi. Í gildandi aðalskipulagi fyrir Skútustaðahrepp er og gert ráð fyrir því að uppbygging íbúðarhúsnæðis á bújörðum óháð búskap á jörð sé möguleg með skilyrðum og að viðhafðri fyrirfram ákveðinni málsmeðferð.”

Um aðgerðir í sama kafla segir: Staðfest stefna gildandi aðalskipulaga verði leiðbeinandi um landnotkun. Minnt er á að staðfest aðalskipulag er í senn stjórnþeki og trygging hagsmunaaðila fyrir því að allar framkvæmdir innan marka aðalskipulagssvæða séu samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti.”

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugaða framkvæmd og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan marka verndarsvæðisins Mývatn og Laxá þar sem lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni ásamt verndun jarðmyndana og landslags. Framkvæmdasvæðið er á nútímahrauni, Grímsstaðahrauni sem er um 8.000 ára gamalt, og við jaðar sögulegs hrauns frá Mývatnseldum. Þessi hraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Svæðið er gróið en hefur þegar verið raskað að hluta.



Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er votlendi sunnan við lóðina og lóðamörk eru um 135 m frá Mývatni.

Þar sem fyrirhuguð húsbygging er í samræmi við ákvæði í skipulagi og fer ekki gegn verndaráætlun Mývatns og Laxár leggst Náttúrufræðistofnun ekki gegn framkvæmdinni. Húsið er lágreist, inni á milli bygginga á svæðinu og ef raski verður haldið í lágmarki og vel gengið frá að framkvæmdum loknum ætti framkvæmdin ekki að hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

